



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN
ALMANNAVARNADEILD



Berist til: Fjölmíðlar, almannavarnir.is, stjórnsýsla og tengiliðir sóttvarnalæknis.

STÖÐUSKÝRSLA

Dags: 24.04.2020

Kl.: 16:30

Staðsetning: Samhæfingarstöð almannavarna/Embætti landlæknis/Sóttvarnalæknir,

Neyðarstig vegna COVID-19

Framvindan

Í Samhæfingarstöð almannavarna fer fram samhæfing aðgerða og upplýsingagjöf á landsvísu vegna COVID-19. Upplýsingamiðlun, gerð leiðbeininga og ráðlegginga til almennings, stofnana og fyrirtækja. Allar leiðbeiningar er að finna á heimasíðu [Embættis landlæknis](#), [Ríkislögreglustjóra almannavarnadeild](#) og upplýsingasíðunni www.covid.is

Vísindamenn rannsaka líðan þjóðarinnar á tímum COVID-19

Vísindamenn Háskóla Íslands hafa í samstarfi við Embætti landlæknis og sóttvarnalækni hrundið af stað vísindarannsókninni „Líðan þjóðar á tímum COVID-19“. Markmiðið er að afla sem mestrar þekkingar á áhrifum faraldursins á líðan og lífsgæði landsmanna til þess m.a. að geta í framtíðinni brugðist enn betur við áhrifum samfélagslegra áfalla á borð við heimfaraldur. Öllum einstaklingum eldri en 18 ára er boðið að taka þátt í rannsókninni á vefsíðunni lidanicovid.is



LÍÐAN Í COVID-19
Vísindarannsókn Háskóla Íslands

Breyttar reglur um sóttkví og upptaka landamæraeftirlits á innri landamærum. Gildir frá og með 24. apríl 2020.

Öllum sem koma til landsins er skylt að fara í sóttkví í 14 daga frá komu. Samhliða verður tekið upp tímabundið landamæraeftirlit á innri landamærum. Krafa um sóttkví á við um komu fólks frá löndum sem sóttvarnalæknir skilgreinir sem há-áhættusvæði en sem stendur á það við um öll lönd. Nánar á [vef heilbrigðisráðuneytisins](#). Reglulega verður endurmetið hvort einhver lönd falli ekki lengur undir þessa skilgreiningu. Ferðamenn bera sjálfir gisti- og upphaldskostnað meðan á sóttkví stendur enda hafi þeir komið sjálfviljugir hingað til lands þrátt fyrir kröfu stjórnvalda um sóttkví. **Reglurnar verða endurmetnar fyrir 15. maí.**

Borgarþjónusta utanríkisráðuneytisins

Hátt í 12 þúsund manns skráðu sig í gagnagrunn borgarþjónustunnar frá því í lok febrúar og voru þeim öllum sendar upplýsingar tengdar ferðum þeirra á einhverjum tímapunkti. Sérstaklega var haft samband við 5600 manns, fyrst utan Evrópu en nú hefur sömuleiðis verið haft samband við þá sem skráðir voru í Evrópu. Þar af hefur verið hringt í á þriðja þúsund manns en aðrir hafa fengið sérsniðin skilaboð í tölvupósti.

Langflestir eru komnir heim (60%) eða hyggjast dvelja áfram erlendis (30%). Enn eru 200 manns á heimleið og 55 einstaklingar í 22 ríkjum eiga í erfiðleikum með að komast heim. Þessar tölur hafa staðið nokkuð í stað þar sem nýir bætast á listann í stað þeirra sem komast heim. Almennt virðast flestir þeirra sem ekki hafa nú þegar snúið heim vera í aðstöðu til að dveljast áfram erlendis þar til flugframboð eykst að nýju og ferðatakmarkunum verði aflétt. Áfram verður unnið að því að aðstoða alla sem vilja koma heim en flugmöguleikar eru af skornum skammti.

Í vikunni var haft samband við alla þá sem enn voru skráðir á Spáni og ekki hafði þegar verið haft samband við í tengslum við þarfagreiningu á flugi frá Alicante í byrjun mánaðar. Langflestir reyndust komnir heim eða höfðu ákveðið að vera um kyrrt en einhverjir höfðu enn hug á því að snúa heim. Þorri þeirra sem vildu snúa heim frá Kanaríeyjum átti bókað í

litáskt borgaraflug til Stokkhólms í gær, 23. apríl, og áfram til Íslands með Ícelandair frá Stokkhólmi á morgun, 25. apríl. Skráningar frá Spáni voru ríflega þriðjungur allra skráninga eða um 4500 og voru ríflega þrjú þúsund enn skráðir í grunninn 19. mars síðastliðinn. Þeir eru um 450 í dag. Um þúsund manns voru skráðir í Bandaríkjunum, þar af um 700 enn erlendis þann 19. mars sl. en eru 350 í dag.

Auk þeirra 133 sem komu frá Póllandi í flugi á vegum pólskra stjórnvalda í upphafi mánaðar, hafa hátt í 60 manns nýtt sér borgaraflug Norðurlanda og annarra Evrópuríkja en þeir gætu þó verið fleiri þar sem sum flugin eru bókuð líkt og hvert annað áætunarflug, í gegnum vefsíður flugfélaga eða ferðaskrifstofa. Tveir komu heim í vikunni með fraktflugi Air Atlanta frá Kenía.

Tilslakanir á heimsóknarbanni og öðrum sóttvarnaráðstöfunum vegna COVID-19

Frá og með 4. maí verða gerðar tilslakanir á heimsóknarbanni á hjúkunarheimilum. Hvert heimili aðlagar fjölda heimsókna að sínum aðstæðum (t.d. stærð heimilis, aðstæður á heimilinu hverju sinni og fjöldi staðfesta smita í sveitarfélaginu). Lagt er til að aðeins nánasta aðstandanda verði leyft að koma inn á heimilið fyrstu tvær vikurnar frá því að tilslakanir hefjast og lengur ef svo ber undir. Hægt er að nálgast upplýsingar um þessar tilslakanir [á vef landlæknis](#).

Stóri plokkgalurinn laugardaginn 25. apríl á degi umhverfisins

Plokkum í kringum heilbrigðisstofnanir landsins, sjúkrahús, heilsugæslustöðvar og dvalar- og hjúkunarheimil og sýnum starfsfólkinu þakklæti okkar í verki. Forseti Íslands Hr. Guðni Th. Jóhannesson og Eliza Reid forsetafrú munu setja Stóra plokkgalurinn á morgun við Borgarspítalann ásamt ráðherra umhverfismála. Guðni er einn ötulasti plokkari landsins og er ungum sem öldnum fyrirmynd í faginu.



Breyttar reglur um takmarkanir á samkomum frá 4. maí.

Fjöldamörk samkomubanns hækka úr 20 í 50 manns 4. maí næstkomandi, unnt verður að opna framhalds- og háskóla og ýmsir þjónustuveitendur geta á ný tekið á móti viðskiptavinum. Frá sama tíma falla alveg niður takmarkanir á fjölda nemenda í leik- og grunnskólum og einnig fjöldatakmarkanir við íþróttaiðkun og æskulýðsstarf barna á leik- og grunnskólaaldri. [Sjá nánar á vef heilbrigðisráðuneytisins](#).

Valkvæðar skurðaðgerðir heimilaðar á ný 4. maí

Valkvæðar skurðaðgerðir og ífarandi rannsóknir verða heimilaðar frá 4. maí næstkomandi og ýmsum öðrum takmörkunum á heilbrigðisþjónustu aflétt. Heilbrigðisráðherra hefur tekið ákvörðun um þetta í samræmi við tillögu landlæknis. [Nánar](#).

Tölulegar upplýsingar fyrir Ísland

Ekkert smit greindist hér á landi síðastliðinn sólarhring. Fjöldi staðfesta smitaðra hér á landi er nú 1.789, samtals 237 eru í einangrun og 1.542 hafa náð bata. Alls eru 1.450 innanlandssmit. Samtals hafa um 45.286 sýni verið tekin, 193 síðasta sólarhring. Af þeim sem greinst hafa með COVID-19 á Íslandi eru 10 látin.

[Skv. tölum Landspítalans](#) eru 12 innlagðir á Landspítala með staðfest COVID-19 smit, þar af eru 4 á gjörgæslu og 2 í öndunarvél. 239 eru í eftirliti á Göngudeild COVID-19, þar af 17 börn í eftirliti Barnaspítala Hringins. Þá hefur 1608 einstaklingum batnað og 91 einstaklingur hefur verið útskrifaður af spítalanum.

Upplýsingafundur almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra vegna COVID-19 föstudagur 24. apríl.

Þátttakendur: Víðir Reynisson, yfirlögregluþjónn, Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir, Alma D. Möller, landlæknir.

Þórólfur Guðnason, sóttvarnarlæknir, fór yfir tölur dagsins. Ekki skal leggja djúpa merkingu í það þótt engin smit hafi greinst á síðasta sólarhring í fyrsta skipti frá upphafi faraldurs. Greind smit munu næstu daga og vikur sveiflast upp og niður og því er allt of snemmt að leggja djúpa merkingu í þessa niðurstöðu dagsins. Ljóst er að lítið smit er í samfélaginu og lítill hluti þjóðarinnar hefur sýkst eða í kringum 1% og því er stór hluti þjóðarinnar ennþá móttækilegur fyrir veirunni. Ef þróunin verður sú að fá smit greinast á hverjum degi gætu myndast forsendur fyrir því að endurskoða áætlanir um afléttingar og eins ef greindum smitum fer að fjölga aftur. Allt er háð endurmati. Í dag tóku gildi takmarkanir á ferðalögum og nú þurfa allir að fara í 2 vikna sóttkví við komu til landsins. Þær takmarkanir munu gilda til 15.maí og verður staðan endurmetin fyrir þann tíma. Minnt er á að einstaklingsbundin hegðun er mikilvægasta forvörnin gegn smitum. Það þýðir að veikir einstaklingar skulu halda sig heima og vera í sambandi við sína heilsugæslu um sýnatöku. Áfram verður beitt einangrun, smitrakningu og sóttkví. Áfram er einnig mikilvægast að allir virði 2 metra reglu, forðist mannarga staði og að við höldum öll áfram að vernda viðkvæma hópa.

Alma Möller, landlæknir, byrjaði á að tala almennt um heilbrigðisþjónustuna. Þar gengur vel og álagið fer minnkandi. Ákveðin verkefni fara í venjubundin farveg og hins vegar þarf að draga lærdóm af því sem við höfum gert hingað til. Í maí mun heilsugæslan fara í eðlilegan farveg og heilbrigðisþjónusta sem krefst snertinga mun hefjast að nýju. Valkvæðar skurðaðgerðir koma aftur inn. Hins vegar má búast við því að þjónusta verði áfram forgangsraðað. Alma minnti á það að vera ennþá öll á varðbergi og hugum að þeim atriðum sem Þórólfur nefndi. Fjöldi rannsókna er framkvæmdur á meðferðum við COVID-19 og við ættum að alltaf að beina sjónum okkar að þeim rannsóknum þar sem þekkingin liggur fyrir. Við höfum á síðustu dögum séð mjög óábyrgar ráðleggingar í alþjóðlegum fréttum um hinar og þessar aðferðir til þess að ná tökum á veirunni og við þurfum í sameiningu að aðstoða fólk við að kveða niður slík skilaboð. Að síðustu talaði Alma um rannsóknarverkefnið Líðan þjóðar á tímum Covid-19 sem er að hefjast. Ábyrgðarmaður rannsóknarinnar er Unnur Anna Valdimarsdóttir, prófessor við Læknadeild Háskóla Íslands. Rannsóknin er unnin í samstarfi vísindamanna innan Háskóla Íslands og Embættis landlæknis. Markmið rannsóknarinnar miðar að því að auka þekkingu á áhrifum faraldursins á líðan og lífsstíl landsmanna. Vefsíða rannsóknarinnar er www.lidanicovid.is og eru allir sem náð hafa 18 ára aldri hvattir til þátttöku.

Víðir Reynisson, yfirlögregluþjónn, hvatti fólk til þess að taka þátt í alþjóðlega plockkdeginum sem er á morgun. Plockkdagurinn væri kærkomin leið til þess að brjóta upp daginn og láta gott af sér leiða.

Upplýsingafundur sumardaginn fyrsta, 23. apríl.

Í gær, sumardaginn fyrsta, var **Þuríður Harpa Sigurðardóttir** formaður Öryrkjabandalagsins gestur fundarins. Sagði hún samstöðu fólks við að hlýða fyrirmælum almannavarna vega þungt í því að tekist hafi að halda COVID-19 í skefjum. Nú væru vonandi bjartari tímar framundan og hægt yrði að heimsækja ástvini á hjúkrunarheimili.

Þuríður Harpa beindi orðum sínum fyrst til fatlaðs fólks og langveikra en sá hópur teldi um 20 þúsund einstaklinga. Stór hluti þessa hóps væri í verndarsóttkví heima, sem væri gríðarlega mikilvægt. Fyrst og fremst vegna eigin heilsu en líka til að draga úr álagi á heilbrigðisstofnanir. Þið væruð ekki síður mikilvæg en aðrir í samfélaginu.

Hún sagði að Öryrkjabandalagið hafa gert könnun meðal öryrkja og þar hafi komið fram að 30% ættu erfitt með að fá nauðsynjar og 70% væru einmana. Fólk geti nú sett sig í spor þeirra sem hafa verið útilokaðir frá samfélaginu vegna fötlunar eða veikinda.

Eðlilegt er að fólk upplifi kvíða og depurð. Mikilvægt er að hringja í vin eða ættingja – eða hjálparsíma Rauða krossins 1717. Þá benti hún á ýmis félög, t.a.m. Geðhjálp, þjónustumiðstöðvar hjá sveitarfélögum og loks sérstakt netfang viðbragd@frn.is á vegum stjórnvalda sem væri efst á vef ÖBÍ. Þuríður hvatti almenning til að vera ófeiminn við að í virkum samskiptum við vini eða ættingja sína sem væru öryrkjar. Mikilvægt er að sýna samkennd, það velji sér enginn það hlutskipti að vera öryrki. Þuríður sagði mikilvægt að huga að því hvers konar samfélag við vildum eftir faraldurinn.

Mikilvægi heilbrigðis- og félagsþjónustunnar væri augljóst og hve mikilvægt væri að hafa gott aðgengi að þeirri þjónustu. Hún beinir því til stjórnvalda að skilja engan eftir. Ef við væru öll á sama báti yrði það að sjást í aðgerðum stjórnvalda. Loks þakkaði hún fyrir aðstoð fjölmargra hjálparsamtak. Fátækt í samfélaginu hafi orðið mjög sýnileg á síðustum vikum og hún hvatti alla til að taka höndum saman í að útrýma henni.

Einnig var gestur fundarins í gær, **Páll Matthíasson**, forstjóri Landsspítalans. Páll sagði að þótt sjúklingum fækkaði yrði spítalinn áfram í viðbragðsstöðu og spítalinn áfram í viðbragðsstöðu. Spítalinn yrði áfram með Covid-19-göngudeild og áfram með ákveðnar deildir sem sinna þeim sem eru veikir. Þá sagðist Páll vera þakklátur fyrir að búa í landi þar sem staðan væri metin út frá staðreyndum og þar sem geta og vilji er til að bregðast við með samheldni og á skjótan hætt. Covid-19 væru alvarleg veikindi í mörgum tilvikum, veikindi sem allir ættu að forðast eins og hægt væri. Hann sagði frá besta vini sínum, íslenskum lækni, sem hafi búið erlendis í aldarfjórðung. Hann hafi þurft að sinna sjúklingum án hlífðarbúnaðar og hafi smitast. Veikindin hafi verið erfið og væri enn í einangrun og hafi þurft að leggjast inn á sjúkrahús. Nú væri hann að ná sér en einn samstarfsmaður hans, þrítug kona, væri fallin frá úr Covid-19. Þetta hafi reynt mikið á en allir, líka þeir yngri, þurfi að taka persónulega ábyrgð í að hindra að smit berist áfram.

Ýmis verkefni

Rauði krossinn

Enn er mikið álag á Hjálparsíma Rauða krossins 1717 og netspjallið 1717.is Einnig hefur orðið mikil aukning í beiðnum um símavin frá öllu landinu. Fjöldi sjálfboðaliða eru til taks og hefur verið hægt að anna allri eftirspurn um símavin. Færri aðilar dvelja nú í farsóttarhúsum en í síðustu viku í Reykjavík og á Akureyri. Sjálfboðaliðar Rauða krossins á landsvísu hafa haft nóg að gera við að sinna sálrænum stuðningi og matardreifingum til fólks í sóttkví og einangrun. Undanfarna daga hefur álagið verið mest á Vestfjörðum.

Vefurinn www.covid.is

Upplýsingar um tölfræði sjúkdómsins eru uppfærðar einu sinni á dag og birtar kl. 13:00 á vefsvæðinu

<https://www.covid.is/tolulegar-upplýsingar>

Á vefnum er hægt að nálgast upplýsingar um aðgerðir og verkefni hér á landi vegna sjúkdómsins sem veldur COVID-19. Upplýsingar á vefnum eru á níu tungumálum. Á tímabilinu 17. mars – 15. apríl hafa síður á covid.is samtals verið skoðaðar í rúmlega 7 milljón skipti.

Framundan:

- Upplýsingafundur fyrir fjölmiðla eru áætlaðir alla daga kl. 14:03.
- Næsti stöðufundur vegna COVID-19 er áætlaður mánudaginn 27. apríl 2020 kl. 9:00.

Staða mála

Ísland - staðan í dag

Heildartölur



1.789

staðfest smit



237

í einangrun



14

á sjúkrahúsi



5

á gjörgæslu



1.542

náð bata



726

í sóttkví



18.691


lokið sóttkví



45.286


sýni

Fjöldi virkra smita og þeirra sem er batnað




[Download data](#)

Fjöldi smita



Fjöldi sýna




Fjöldi smita eftir kyni



Download data

Uppruni smits



Download data


Smit / sóttkví eftir landshlutum



Download data

Landshluti	Smit	Sóttkví
Höfuðborgarsvæði	1306	458
Suðurnes	77	20
Suðurland	177	51
Austurland	8	14
Norðurland eystra	46	18
Norðurland vestra	35	8
Vestfirðir	95	85
Vesturland	42	19
Óstaðsett	2	53
Útlönd	1	0

Fjöldi virkra smita eftir aldri, fjöldi þeirra sem hefur náð sér og andlát




Hlutfall smitaðra sem greinast í sóttkví




54%

þeirra sem hafa greinst voru í sóttkví



Hlutfall smita af fjölda sýna



Kórónaveira – útbreiðsla erlendis

Í dag hefur sýking af völdum COVID-19 verið staðfest hjá **um 2,735,117 einstaklingum** samkvæmt John Hopkins og **um 192,019 einstaklingar** eru láttnir. Þá hafa **751,501 einstaklegar náð** sér eftir veikindin. Skv. ECDC er faraldurinn meðalstór fyrir hrausta einstaklinga en mikil lýðheilsu ógn fyrir aldraða og einstaklinga með undirliggjandi sjúkdóma. Sjá vef [Sóttvarnastofnunar Evrópu \(ECDC\)](#) varðandi þróun mála í hverju landi fyrir sig. Sjá áhættumat ECDC.